

Nd.

238. Frumvarp til laga

[107. mál]

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Gunnar Gíslason.

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráð úthlutar slátrunarleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er verka hangikjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, en fá skulu þeir leyfi til þess og greiða af því verðjöfnunargjald. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn.

Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem veitt var slátrunarleyfi haustið 1959 og óska að fá það framlengt, Enn fremur öðrum lögskráðum samvinnufélögum bænda, ef fyrir liggja skriflegar áskoranir frá minnst 40 skattframtalsskyldum sauðfjáreigendum á verzlunarsvæði umsækjenda, að félaginu verði veitt slátrunarleyfi.

Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt þeim verzlunum slátrunarleyfi, sem skilyrði hafa til slátrunar. Veiting slátrunarleyfa er bundin því skilyrði, sem gildandi lög og reglugerðir setja um sláturhús, verzlun með kjöt og kjötmat.

Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárens til sláturhúss, að illfært sé að dómi framleiðsluráðs.

Í leyfi getur framleiðsluráð ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., er framleiðsluráði ekki heimilt að veita slátrunarleyfi samvinnufélagi, sem stofnað er á viðskiptasvæði, þar sem annað samvinnufélag er fyrir og slátrunarleyfi hefur. Hins vegar heimila lögín, að við hliðina á samvinnufélagi megi veita öðrum aðilum slátrunarleyfi, svo fremi að þeir fullnægi skilyrðum laga og reglugerða, sem þar að lúta.

Það er álit flm. þessa frv., að það sé ekkert óeðlilegra að veita t. d. tveimur samvinnufélögum á sama viðskiptasvæði slátrunarleyfi heldur en slíkt leyfi sé veitt samvinnufélagi og kaupmanni eða samvinnufélagi og hlutafélagi, sem starfa á sama svæði. Flm. telur því réttast, að ákvæðum 10. gr. framleiðsluráðslaganna, sem fjalla um slátrunarleyfi, sé breytt í það horf, sem lagt er til í frumvarpi þessu.